

Nr. 29.

20.
október.

L ö g

um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megí árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 30.

20.
október.

L ö g

um umboð þjóðjarða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6 % af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.